

Könnunarskurður Halldórsstaðir. Minnisblað.

Hermann Jakob Hjartarsson, Reykjavík, 27. júní 2024.

Vegna lagningar rafmagnsstrengs í jörð frá Laxárvirkjun inn í Laxárdal og til Lauga í Þingeyjarsveit fór Minjastofnun fram á að grafinn væri könnunarskurður í meint garðlag nr. 3197-3 við Halldórsstaði í Laxárdal. Í fornleifaskráningu sem unnin var fyrir Rarik segir um garðlagið:

„Í bókinni „Tíminn Sefur, Fornaldargarðarnir miklu á Íslandi“ hefur Árni Einarsson kortlagt forn garðlög út frá loftmyndum. Á Halldórsstöðum hefur hann teiknað garðlag sem er fyrst sýnilegt í hliðinni um 240 m vestan við húsið á lóðinni Nýhús og liggur norð-vestur. Í vettvangsathugun var mikið gróðurfar og veðurfar var mjög óhagstætt þoka og rigning. Ekki sáust skýr merki um garðlagið á þeim slóðum sem rafmagnsstrengurinn á að fara um og heimildarmaður kannaðist ekki við þetta garðlag nema úr bókinni hans Árna. Garðlagið var því kortlagt út frá loftmynd af vefnum Map.is en það er nokkuð sýnileg ummerki á loftmynd frá 2009, það er hins vegar töluvert meira gróðurfar á loftmynd frá 2018 og ummerki ekki jafn áberandi. Í þessari skráningu var garðlagið aðeins kortlagt á þeim slóðum sem rafmagnsstrengurinn fór um en samkvæmt teikningum Árna þá er það hluti af stærra garðlaga kerfi.“¹

Í umsögn Minjastofnunar (MÍ202404-0084/06.10./S.G.) vegna lagningu strengsins segi: „Ekki er hægt að komast hjá því að raska garðlaginu að sögn RARIK. Minjastofnun telur að fá þurfi fornleifafræðing til að grafa könnunarskurð þvert í gegnum garðinn til að reyna að komast að byggingarlag hans og aldri“.

Hermann Hjartarson fornleifafræðingur fór fyrir hönd Sagnabrunns og Antikva ehf. á staðinn þann 21. júní 2024 í þeim tilgangi að grafa könnunarskurðinn í garðinn. Hann gekk að þeim stað þar sem að til stóð að grafa skurðinn. Á svæðinu sem um ræðir sést ekkert til meints garðlags, en þar rennur lítill lækur. Litlu austar/nær Halldórsstöðum sést þó í líklegan garð, en þar sem skurðurinn átti að vera grafinn sést hann ekki. Ákveðið var að grafa við hlið þessa lækjar sem áður var sagt frá, en þar er örlítill upphækkun er í landslaginu þar við hlið.


Stuttu seinna mætti starfsmaður frá Rarik ásamt verktaka á gröfu. Svæðið var skoðað, það var mjög blautt og verktakinn mat það svo að ekki væri unnt að koma gröfunni á staðinn vegna bleytu, þannig að ekkert varð úr því að grafið væri með gröfu að þessu sinni.

Ákveðið var því að handgrafa skurðinn. Þegar byrjað var á skurðinum byrjaði hann strax að fyllast af vatni og þegar komið var niður á um 20 cm dýpi var jarðvegurinn gegnfrosinn. Ljóst var að ekki var hægt að handgrafa í gegnum frostið og því var rannsókn lokið þann dag. Ekki var unnt að komast að því hvort um garðlag væri að ræða.

¹ Hákon Jensson. (2024). *Fornleifaskráning vegna lagningar rafmagnsstrengs í jörð frá Laxárvirkjun inn í Laxárdal og til Lauga í Þingeyjarsveit*. Búnaðarsamband Eyjafjarðar, bls. 4.



Kort 1. Staðsetning meint garðlags og könnunarskurðar.



Kort 2. Könnunarskurður 1 og upphækkun í landslaginu.



Mynd 1. Smá upphækkun er á svæðinu þar sem litli könnunarskurðurinn var grafinn. Skurðurinn var grafinn þar sem skóflan sést á myndinni.



Mynd 2. Könnunarskurður 1, komið var niður á frosinn jarðveg í um 20 cm dýpi og hann fylltist strax af vatni.



Mynd 3. Meint garðlag um 200-300 m austan við könnunarskurði 1.

Heimildir:

Hákon Jenson. (2024). *Fornleifaskráning vegna lagningar rafmagnsstrengs í jörð frá Laxárvirkjun inn í Laxárdal og til Lauga í Pingeyjarsveit*. Búnaðarsamband Eyjafjarðar.

Snædís Gunnarsdóttir. (2024). *Umsögn MÍ: Strenglögna vegna lagningar rafmagnsstrengs í jörð frá Laxárvirkjun inn í Laxárdal og til Lauga í Pingeyjarsveit*, RARIK.